



MENNINGARRÁÐ
AUSTURLANDS

Menningarsamstarf á Austurlandi

árin 2012 -2013



Skýrsla Menningarráðs Austurlands
um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi
um menningarmál skv. samningi frá 15. apríl 2011

– unnin af Signýju Ormarsdóttur menningarfulltrúa –



AUSTURBRÚ

þekking - þróun - þjónusta

Efnisyfirlit

EFNISYFIRLIT	2
1. INNGANGUR	3
2. REKSTAR OG SKIPULAGSBREYTINGAR 2012-2013	4
3. STARFSEMI MENNINGARRÁÐS 2012 OG 2013	5
<i>Fundir með menningar- og markaðsfulltrúum Austurlands</i>	5
<i>Samstarf menningarmiðstöðvanna</i>	5
<i>Fundir menningarfulltrúa landshluta</i>	6
MAT Á MENNINGARSAMNINGI	7
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF.	7
<i>Ritmafor</i>	8
<i>Awakening The Horsemen</i>	8
<i>Mit hjem er hvor midt hjarte ligger</i>	9
<i>Make it Happen</i>	9
4. STARFSEMI MENNINGARMIÐSTÖÐVA Á AUSTURLANDI	10
5. ÚTHLUTUN STYRKJA Á VEGUM MENNINGARRÁÐS AUSTURLANDS 2012 OG 2013	11
ÚTHLUTUN 2012	12
ÚTHLUTUN 2013	13
6. LOKAORÐ	20

1. Inngangur

Árið 2012 og það sem af er ári 2013 hefur einkennst af breytingum og metnaðarfullri uppbyggingu við sameiningu stoðstofnanna á Austurlandi. Þar með talinni starfsemi Menningarráðs Austurlands. Þann 8. maí 2012 var Austurbrú ses. stofnuð en hún tók formlega til starfa 1. júní 2012. Samhliða því var gildandi menningarsamningur milli ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi frá 15. apríl 2011 fluttur yfir til Austurbrúar ses. Því heldur nú menningarsvið Austurbrúar úti starfsemi sem áður var á höndum Menningarráðs Austurlands, lengst af með þjónustusamningi við Gunnarsstofnun á Skriðuklaustri. Menningarráð Austurlands varð til þegar fyrsti menningarsamningur ríkis og sveitarfélaga var gerður árið 2001. Strax var gerður þjónustusamningur við Gunnarsstofnun sem sá um daglegan rekstur og ráðningu starfsmanns frá árinu 2002 til áramóta 2011. Hluta af árinu 2012 fór Menningarráðið sjálf með rekstur og starfsmannahald eða þar til að Austurbrú ses. var stofnuð og menningarsamningur ríkis og sveitarfélaga fluttist yfir til hennar.

Samhliða þessum breytingum hefur hlutverk Menningarráðs Austurlands breyst. Sumarið 2012 var hluta af stjórnnum Menningarráðs og Austurbrúar falið að vinna að breytingum á nýjum samþykktum fyrir Menningarráðið. Þær voru samþykktar á aukaaðalfundi Menningarráðs Austurlands 14. september 2012 á Borgarfirði eystri og eru samþykktirnar fylgiskjal með þessari skýrslu. Má segja að þessar breytingar hafi orðið til þess að hlutverk Menningarráðs Austurlands sé að úthluta fjármagni og hafa eftirlit fyrir sveitarfélögin um efndir menningarsamningsins gagnvart Austurbrú, eða eins og fram kemur í samþykktum „*Menningarráð Austurlands úthlutar fjármagni til menningarverkefna á Austurlandi samkvæmt samningi ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál og hefur eftirlit með framkvæmd þess samnings*“.

2. Rekstrar- og skipulagsbreytingar 2012-2013

Austurbrú ses. fer með daglega umsýslu menningarsamningsins og eru bundnar vonir við að með því fyrirkomulegi megi efla enn frekar annars góða uppbyggingu menningar og lista á Austurlandi. Megintilgangur Austurbrúar ses. eins og kemur fram í 2. grein skipulagsskráar er;

að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu, háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Ætlunin er að búa til þverfaglegan samstarfsvettvang sem væntanlega leiðir til stærri verkefna sem byggja á öflugum mannauði Austurbrúar í nánu samtali og samvinnu við samfélagið á Austurlandi sem og um heim allan. Stofnaðilar Austurbrúar eru auk sveitarfélaga á Austurlandi fjöldi fyrirtækja, stofnana og skóla um allt land. Auk stjórnar Austurbrúar er fagráð hjá Austurbrú og er hlutverk þess samkvæmt 11. grein skipulagsskrár Austurbrúar „*að vera stjórn, framkvæmdastjóra og starfsmönnum Austurbrúar ses. til ráðgjafar við mótun verkefna og þróun á starfsemi stofnunarinnar*“.

Með samruna stoðstofnana á Austurlandi í Austurbrú skapast auknir möguleikar á gagnvirku utanumhaldi gagna og þekkingu í miðlægu kerfi sem er mikilvægt. Með fámennum stofnunum er þekking og ábyrgð oft of bundin starfsmönnum og ekki verður möguleiki á að dreifa þekkingu og ábyrgð, því er sameiningin í Austurbrú mjög mikilvæg til frekari eflingar á Austurlandsfjórðungi. Ný og metnaðarfull skráningarkerfi hafa verið tekin í notkun, s.s DK við tímaskráningu, auk þess sem nú er unnið með öll gögn í sharepoint

Austurbrú þjónustar Miðstöð menningarfræða á Seyðisfirði samkvæmt samningi við Seyðisfjarðarkaupstað þjónustuð. Einn starfsmaður verður á Seyðisfirði og er hlutverk hans að fylgja eftir þeim verkefnum sem þegar voru í Miðstöð menningarfræða og samanstanda af verkefnum fyrir Skaftfell, Tækniminjasafn og Seyðisfjaraðkaupstað og af einum fjórða í verkefni sem flokkast undir menningarfræði. Áhugavert verður að móta þessa starfsemi inn í nýrri stefnumótun Austurbrúar í samstarfi við ofangreindar stofnanir á Seyðisfirði. Frá og með 1. nóvember 2012 var ráðin nýr starfsmaður inn á menningarsviðið til þess að vinna á Seyðisfirði í Miðstöð Menningarfræða. Þar með voru starfsmenn menningarsviðs orðnir tveir Signý Omarsdóttir og Klas Hjære Poulsen. Hann hættir í lok ágúst og við tekur Elfa Hlín Pétursdóttir.

3. Starfsemi Menningarráðs 2012 og 2013

Eins og undanfarin ár hefur menningarfulltrúi, undir stjórn Menningarráðs, unnið við ráðgjöf og þjónustu við listamenn og aðra sem vinna að verkefnum á sviði menningar og lista. Með því að þjónusta og aðstoða listafólk verður til yfirráðs og þekking sem leiðir oft til tengslamyndunar og verkefna milli einstaklinga, staða og stofnana á Austurlandi og víðar. Þetta leiðir síðan til frekari nýsköpunar og grósku sem er einn megin tilgangur með menningarsamningi ríkis og sveitarfélaga. Umsóknum til menningarverkefna hefur ekki fjölgað mikið síðustu ár heldur hafa verkefni stækkað og orðið fjölbreyttari en áður var. Þá hefur Menningarráð Austurlands staðið fyrir fjölbreyttum samstarfsverkefnum, bæði milli stoðstofnana, safna og sveitarfélaga sem og annara aðila á Austurlandi og út fyrir landssteinana.

Eitt þessara verkefna er Þorpið reynsluverkefni sem nú ber nafnið Make by Þorpið . Make by Þorpið var sett í gang stuttu eftir efnahagshrunið af þekkingarnetinu, Þróunarfélaginu og Menningarráðinu en er nú vistað innan Nýsköpunar og þróunarsviðs Austurbrúar. Í því er unnið að atvinnuuppbyggingu á sviði skapandi greina með áherslu á hönnun og listhandverk. Sú hugmyndafræði sem orðið hefur til með Þorpinu þykir mjög áhugaverð hér innan lands sem og víða um heim og hafa tengsl og samstarf orðið til sem mikilvægt er að halda áfram. Samhliða þessu verkefni varð til evrópuverkefnið Creative Communities sem lauk haustið 2012 með ráðstefnunni Make it Happen sem Menningarráð Austurlands bar ábyrgð á í samræmi við uppsetningu á verkefninu. Menningarráð Austurlands tók síðan ákvörðun um að leggja viðbótarfjármagn í ráðstefnuna, tengja hana Vesterålen í Noregi og halda þannig upp á tíu ára afmæli Menningarráðsins. Ráðstefnunni verða gerð frekar skil síðar í þessari greinargerð undir kaflanum Erlent samstarf.

Fundir með menningar- og markaðsfulltrúum Austurlands.

Árlegir fundir með menningar- og ferðafulltrúum sveitarfélaga á Austurlandi og menninar- og markaðssviði Austurbúar auk forstöðumanna menningarmiðstöðva voru haldnir reglulega. Þetta eru gagnlegir fundir sem leiða til samtals og samvinnu á Austurlandi. Ekkert varð hinsvegar að sameiginlegum fundi þessara fulltrúa og fulltrúa Eyþings eins og verið höfðu tvö ár þar á undan. Komið hefur fram hjá fulltrúum á Austurlandi að mikilvægt sé að halda í þetta samstarf og frekar að auka það heldur en hitt. Er það hlutverk menningarfulltrúa beggja landshlutanna að koma því á aftur.

Samstarf menningarmiðstöðvanna er alltaf að eflast og forstöðumenn þeirra hittast reglulega ásamt menningarfulltrúa Austurbrúar til að ræða og skipuleggja samstarfsvettvang og hvernig efla megi uppbygginguna á Austurlandi almennt t.d. með því að tengjast sveitarfélögunum betur. Sem dæmi um samstarf menningarsviðs Austurbrúar og

menningarmiðstöðvanna má nefna málþing um uppbyggingu gestaíbúða fyrir lista- og fræðimenn á Austurlandi en mikilvægt er að fylgjast með þeirri þróun sem á sér stað í listamannaíbúðum í Evrópu. Höfum við á Austurlandi góða erindreka en íbúðir Skaftfells og Gunnarsstofnunar hafa báðar fengið styrk frá Kulturkontakt Nord og þannig sjálfkrafa tekið þátt í þeirri uppbyggingu á norræna vísu.

Málþing um uppbyggingu gestaíbúða fyrir lista- og fræðimenn á Austurlandi!

Miðvikudaginn 13. mars kl. 18:00 - 20:00 á Vonarlandi, húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum

Austurbrú ses, Gunnarsstofnun, Skaftfell, Tónlistarmiðstöð og Sviðslistamiðstöð Austurlands standa fyrir málþingi um tækifæri og eflingu gestaíbúða og vinnustofa á Austurlandi fyrir listamenn, rithöfunda og fræðimenn.

- Setning: Signý Ormarsdóttir menningarfulltrúi Austurbrúar.
- Klaustrið: Gestaíbúð í 24 ár - en fyrir hverja?
- Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar.
- Gestavinnustofa Skaftfells: Sérstaða, samfélagslegur ávinningur, umsóknarferli og verkefni listamanna.
- Litten Nyström, gestavinnustofufulltrúi Skaftfells.
- Gestavinnustofa Skaftfells: Fjármál, styrkir, umsýsla og rekstur.
- Tinna Gunnarsdóttir, forstöðukona Skaftfells.
- Nýtum það sem fyrir er?
- Halldór Warén, forstöðumaður Sviðslistamiðstöðvar Austurlands á Egilsstöðum.
- Pallborðsumræður undir yfirskriftinni: Hvernig viljum við að uppbygging á gestaíbúðum og vinnustofum verði á næstu árum á Austurlandi?
Hægt verður að kaupa léttan kvöldverð meðan á málþinginu stendur.



www.austurbru.is

Fundir menningarfulltrúa landshluta.

Gott samstarf hefur skapast á milli menningarfulltrúa landshluta og haldnir eru fundir reglulega. Yfir vetrartímamann eru haldnir mánaðarlegir símafundir, en tvisvar á ári eru fundir þar sem menningarfulltrúar landshluta hittast. Annar þeirra er alltaf í Reykjavík þar sem formenn menningarráðanna mæta einnig. Slíkur fundur var síðast haldinn 30. janúar og kom ráðherra Katrín Jakobsdóttir ásamt embættismönnum inn á þann fundi. Óskaði ráðherra í framhaldi eftir því að sú tilhögun héldi áfram, þ.e að ráðherra komi inn á þessa fundi til að viðhalda góðum tengslum og upplýsingaflæði milli menningarráða landshluta og ráðuneytis. Hinn fundurinn er eingöngu með menningarfulltrúnum þar sem unnið er með þau má sem eru í gangi í hvert skipti. Auk þess sem samræmd eru vinnu- og verkferlar.

Hafin er stefnumótun menningarsviðs Austurbrúar þar sem núverandi menningarstefna Austurlands er höfð til hliðsjónar en gildir sú stefna til ársins 2014. Það er ánægjulegt hversu margt í núverandi stefnu á enn vel við og verður áfram sett inn í nýju stefnuna. Það er að

segja að ekki er um að ræða úrelt plagg sem þyrfti að breyta verulega. Þó má efla margt og öðru bæta við sem er viðfangsefnið sem nú er til umfjöllunar.

Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunnar og stjórnarmaður í Austurbrú hélt erindi í fjarveru Signýjar Ormarsdóttur menningarfulltrúa á ráðstefnunni Menningarlandið sem haldin var á Kirkjubæjarklaustri 11. og 12. apríl síðastliðin. Erindið hét *Austurbrú - reynsla og framtíðarsýn*. Ráðstefnan var haldin af mennta- og menningarráðuneytinu, atvinnuvegaráðuneytinu og menningarráðum landshlutanna og var að þessu sinni í umsjá Menningarráðs Suðurlands. Hægt er að hlusta á erindi Skúla á heimasíðu Austurbrúar, undirsíða www.menningarrad.is

Mikil gróska er í menningaruppbyggingu á Austurlandi, tvö af þrem verkefnum sem tilnefnd voru til Eyrarrósarinnar í ár voru verkefni af Austurlandi eða Skaftfell miðstöð myndlistar á Austurlandi og Eistnaflug. Skaftfell fékk Eyrarrósina í ár og er annað verkefnið á Seyðisfirði sem hlýtur rósina, áður var það LungA listahátíð ungs fólks Austurlandi. Auk þess hefur Bræðslan fengið Eyrarrósina og Skaftfell fengið tilnefningu ásamt Vídeólistahátíðinni 700.is Hreindýraland.

Mat á menningarsamningi.

Í menningarsamningi milli ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi var kveðið á um að strax væri farið í að meta árangur af menningarsamningum landshlutans og matið standi yfir á samningstímanum. Svo varð ekki fyrr en á vordögum lokaársins eða nánar tiltekið í apríl 2013. Mikilvægt var að af þessu árangursmati yrði en í tilfelli Austurbrúar var þetta bagalegt þar sem menningarfulltrúi veiktist og var frá vegna veikindaleyfis. Capacent vinnur árangursmatið og verður áhugavert að sjá niðurstöður þess.

Alþjóðlegt samstarf.

Á síðasta ári hélt samstarfið áfram við Donegal á Írlandi og Vesterålen í Noregi. Verkefni urðu til fyrir tilstuðlan menningarráða svæðanna, annars vegar fjölbreytt menningarverkefni og hins vegar heimsóknir listamanna á milli þessara landshluta beggja vegna Atlandshafsins.

Haustið 2012 var gefið út ritið „Kulturkontakt mellom ytterkanten / Menningarsamstarf milli jaðarsvæða, 10 ára samstarf milli Vesterålen og Austurlands“. Ritið var unnið af tilefni ráðstefnunnar Make it Happen. Mikil vinna fylgdi þessari útgáfu en ánægjulegt og mikilvægt er að ná saman í eitt rit upplýsingum um þetta margra ára samstarf. Ritið er fylgiskjal með þessari skýrslu.

Ritmafor

Eitt af því áhugaverðara og óvanalega í menningarsamstarfi var samstarfið milli fyrirtækjanna Eskju á Eskafirði og Biomar í Myre í Noregi. Fyrirtækin eiga í miklum viðskiptaum hvort við annað þar sem Biomar kaupir mjöl af Eskju eða dótturfyrirtæki þess Fiskimiðum. Verkefnið hét Ritmafor og er samstarf tónlistarfólks frá þessum svæðum þar sem haldnir eru tónleikar inni í fyrirtækjunum um leið og matur og menning landana er kynnt. Verkefnið fór fram í Noregi í október 2012 og síðari hlutinn var hér á Eskafirði um sjómannadagshelgina í byrjun júní 2013. Fengnir voru tónlistarmenn af hvoru svæði fyrir sig og þeir völdu svo með sér lengra komna nemendur í tónlist til þess að spila með sér. Þannig urður til tónleikar með íslenskum og norskum tónlistarmönnum frá hvoru landi fyrir sig og tókst þetta einstaklega vel. Tónleikar fóru, eins og áður var sagt, fram inni í fyrirtækjunum en einnig voru haldnir opnir tónleikar í tónleikasölum í viðkomandi bæjum. Forsvarsmenn fyrirtækjanna tóku þátt í skipulagningu og ákvarðanatöku og voru virkir þátttakendur í heildardagskránni í báðum löndunum. Fyrirtækin hafa ákveðið að halda menningarsamstarfinu áfram og verður gaman að taka þátt í þeirri þróun.

Awakening The Horsemen

Samstarfið árið 2013 var margbreytilegt. Auk samstarfsverkefnisins á milli Eskju og Biomar voru ýmis önnur verkefni framkvæmd. Sum fara eingöngu fram milli tveggja landa og önnur milli landanna þriggja. Áhersla hefur verið lögð á það að bjóða upp á listamannadvöl í lengri eða skemmri tíma. Dvölin



tengist
oft
einhverj

um viðburði eða hátíð á viðkomandi svæði.

Þegar eru mikil tengsl á milli listamanna og búa þeir sjálfir til verkefni sem eru lítið eða ekkert tengd Menningarráðum þessara landa. Eitt af þeim verkefnum sem fór fram haustið 2012 var Sagnaþulahátíð á Austurlandi, þar sem sagnaþulur frá Noregi og Donegal mættu og sögðu sögur. Áður hafði sagnaþulur frá Austurlandi, Berglind Agnarsdóttir, tekið þátt í „Fortellerfestival“ í Noregi og gert er ráð fyrir slíkri hátíð í Donegal á haustmánuðum 2013. Heimsókn tónlistarskóla, matreiðslumannsr á



matarhátíð, orgeltónleikar, þjóðlagatónlist og ferð unglunga á Base Camp er stutt lýsing á því hvað fór fram árið 2012 í viðbót við það sem áður var nefnt. Eitt af þeim verkefnum sem tókust vel var verkefni í Donegal þar sem sitt hvorum listamanninum frá Austurlandi og Vesterålen var boðið að taka þátt. Verkefnið hét „Awakening The Horsemen“ og var einskonar karnival verkefni þar sem fram kom hópur listamanna úr ýmsum listgreinum. Erla Dóra Vogler óperusöngkona var valin fyrir hönd Austurlands til þess að taka þátt í sýningunni og dvaldi hún um viku tíma á Írlandi að því tilefni. Í lok dvalarinnar söng hún í sýningunni og gerði það stórkostlega vel. Hægt er að sjá umfjöllun um sýninguna í írsku sjónvarpinu <http://www.rte.ie/player/gb/show/10160362/>. Í tengslum við þessa sýningu hittu menningarfulltrúar Austurlands og Vesterålen stjórnendur menningarmála í Donegal fylki auk þess að sjá og upplifa sýninguna. Þetta var mikilvæg ferð þar sem enn á ný voru lagðar línur að frekari samstarfi á milli þessara landa og áhugi Íranna er mikill fyrir stórum sem smáum verkefnum.

Mit hjem er hvor midt hjarte ligger

Í gegnum verkefnið Creative Communitie hafa orðið til áhugaverð tengsl við Borgmundarhólm í Danmörku. Ákveðið var að fara í samstaf með CRT sem er „senter fyrir regional- og turismeforskning“. Samstarfsverkefnið Mit hjem er hvor midt hjarte ligger, milli Bornholm, Austurlands og Vesterålen varð til árið 2012 og verður að mestu unnið árið 2013.

Make it Happen

Ráðstefnan Make it Happen var haldinn á Austurlandi dagana 25. – 28. september á síðasta ári. Ráðstefnan var í yfirumsjá menningarsviðs Austurbrúar, en hún var, lokaviðburður í tveggja ára Evrópuverkefni sem hét Creative communities. Það verkefni var verkefni þriggja stofnana á Austurlandi, Menningarráðs, Þekkingarnets og Þróunarfélags, sem nú mynda Austurbrú ses. Í hugum margra var ráðstefnan ekki bara lok á CC heldur einnig lok þessara stofnanna og nýtt upphaf í þverfaglegu samstarfi sem fram fer í gegnum Austurbrú. Þetta samstarfsverkefni gæti verið fyrirmynd af slíku þverfaglegu sstarfi innan Austurbrúar í framtíðinni. Þátttaka var góð í ráðstefnunni, 110 manns tóku þátt frá tíu þjóðlöndum og margir áhugaverðir fyrirlesarar héldu erindi. Ákveðið var að við innan Austurbrúar myndum sjálf sjá um skipulagningu en fá aðila í samstarf á þeim stöðum sem ráðstefnan færi fram á, þ.e.. á Seyðisfirði og Stöðvarfirði. Þannig yrði þekkingin eftir innan Austurbrúar og minna mál að halda fleiri stórar ráðstefnur á okkar vegum. Helsti samstafsaðili Austurbrúar við undirbúning og framkvæmd ráðstefnunnar var fyrirtækið Glamour sem vann langt umfram það sem það fékk greitt fyrir og hefði sú athygli sem ráðstefnan fékk á heimsvísu aldrei orðið ef þeirra tengslanet og færni til að senda upplýsingar um heiminn hefði ekki notið við. Það er ekki gefið að hafa aðgang að svona samfélagslega þenkjandi fólki til hagsbóta fyrir

framtíðina, sem er tilbúið að gefa vinnu sína og tíma til að byggja upp verðmætara samfélag eins og unga fólkið í Glamour gerir. Þeir starfsmenn Austurbrúar sem báru hitann og þungann af ráðstefnunni auk menningarfulltrúa voru þær Lára Vilbergsdóttir og Ásta Kristín Sigurjónsdóttir og verður að teljast að undirbúningur og framkvæmd hafi gengið vel. Frekari upplýsingar um ráðstefnuna er að finna á www.make.is - Dagskrá ráðstefnunnar er að finna á: <http://make.is/makeithappen/>


Að margra mati var síðasti dagurinn ráðstefnunnar einn sá áhugaverðasti. Þann dag var haldin vinnustofa þar sem ráðstefnugestir tóku þátt í því að vinna grunnhugmyndafræði um gerð skapandi samfélags á Austurlandi. Í þessari vinnu tóku þátt blaðamenn, erlendir prófesarar, hönnuðir, gestir og heimamenn. Þessa vinna er mjög mikilvægt og gott grunnefni til að halda áfram uppbyggingunni hér á Austurlandi fyrir myndun fjölbreytts og skapandi samfélags á tuttugustu og fyrstu öldinni.

4. Starfsemi Menningarmiðstöðva á Austurlandi



Samhliða úthlutun menningarstyrkja í Snæfellstofu í febrúar 2011 voru undirritaðir samningar milli þriggja menningarmiðstöðva á Austurlandi, viðkomandi sveitarfélaga og Menningarráðs Austurlands. Uppbygging þriggja menningarmiðstöðva á Austurlandi er hluti af menningarsamningi á Austurlandi og hefur verið

svo frá upphafi samstarfs ríkis og sveitarfélaga um menningarmál. Ekkert fjármagn kom til miðstöðvanna 2011 í gegnum menningarsamninginn frá ríkinu. Samt sem áður setti Menningarráðið fjármagn til miðstöðvanna það ár eða 9 milljónir, annars hefði rekstargrundvöllur miðstöðvanna brostið. Sveitarfélögin sem eru á bak við miðstöðvarnar settu eftir sem áður 12 milljónir í þær. Menningarmiðstöðvarnar þrjár á Austurlandi, Skaftfell miðstöð myndlistar á Austurlandi, Tónlistarmiðstöð Austurlands og Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs, miðstöð sviðslista á Austurlandi eru mikilvægar í allri uppbyggingu menningar í fjórðungnum og sem hluti af menningarsamningi ríkis og Austurbrúar. Í síðasta samningi sem Samband sveitarfélaga á Austurlandi, Menningarráðið og ráðuneytið gerðu var inni ákvæði um miðstöðvarnar eins og verið hafði í öllum samningum frá árinu 2001. Í gegnum menningarsamninginn koma 4 milljónir á ári til hvernar miðstöðvar og sama fjármagn kemur frá sveitarfélögunum. Menningafulltrúi fundar reglulega með miðstöðvunum. Það er mikilvægt til þess að halda tengslum og auka samstarf á milli



miðstöðvanna. Nú taka forstöðumenn þeirra þátt í fundum menningar- og markaðssviðs Austurbrúar með menningar- og ferðamálafulltrúum sveitarfélaga eins og komið hefur fram.

5. Úthlutun styrkja á vegum Menningarráðs Austurlands 2012 og 2013

Árlega er úthlutað fjármagni til uppbyggingar menningar á Austurlandi. Í tvö ár hefur nú verið úthlutað bæði stofn- og rekstrarstyrkjum og verkefnastyrkjum á sviði menningar en áður hafði eingöngu verið úthlutað til menningarverkefna. Með viðauka við menningarsamninginn sem undirritaður var 6. febrúar 2012 í Snæfellsstofu að Skriðuklaustri tók Menningarráð Austurlands að sér þá nýjung að úthluta fjármagni sem áður hefði verið úthlutað af fjárlaganefnd Alþingis. Þetta fjármagn er eingöngu ætlað til að styðja við stofn- og rekstrarkostnað á sviði menningar. Fjármagnið er einig eingöngu ætlað þeim sem ekki hafa aðgengi að opinberum sjóðum ríkisins og eða eru á föstum fjárlögum ríkisins.



Áherslur Menningarráðs Austurlands.

Menningarráðið setur sérstakar áherslur í úthlutunarreglur á hverju ári. Síðustu tvö ár hefur mest áhersla verið á að verkefni efli samstarf og samvinnu milli byggðarlaga og listgreina auk þess sem þau eiga að stuðla að atvinnustarfsemi í listum og tengja saman listnema, leikmenn og reyndari listamenn í viðburðum og verkefnum.

Úthlutun 2012

Menningarráð Austurlands úthlutaði verkefnastyrkja 2012 við hátíðlega athöfn í Snæfellsstofu að Skriðuklaustri í Fljótsdal 6. febrúar 2012. að viðstöddu fjölmenni. Þetta var í tólfta sinn sem úthlutað var fjármagni til menningarverkefna á Austurlandi. Ávörp fluttu mennta- og menningarráðherra Katrín Jakobsdóttir, Valdimar Hermannsson formaður Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, Björn Ingimarsson formaður stjórnar Menningarráðs Austurlands og Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunar að Skriðuklaustri. Úthlutað var styrkjum til 63 menningarverkefna, samtals að upphæð 26,6 milljónum króna. Hæstu styrkir

námu 1,2 milljón króna en þeir lægstu 100 þúsund krónum. Alls bárust Menningarráðinu 98 styrkumsóknir. Auk þess var á árinu veitt fjármagni til stofn og rekstrarstyrkja í fyrsta skipti.

Erindin sem haldin voru er hægt að nálgast á heimasíðu Menningarráðs Austurlands 2012. www.meningarrad.is

Yfirlit yfir úthlutun styrkja 2012.

Stofn og rekstrarstyrkir.

2.500.000	make by Þorpið - Hönnunarsamfélag. ÞNA – MRA – ÞA.
2.000.000	Lunga Listahátíð ungs fólks Austurlandi. Lunga / Seyðisfjarðakaupstaður.
1.200.000	Ríkarðssafn á Djúpavogi. Djúpavogshreppur.
1.200.000	Rekstur og umsýsla Myndasafns Tryggva Ólafs. Myndlistasafn Tryggva Ólafssonar.
1.200.000	Munageymsla Tækniminjasafn Austurlands. Tækniminjasafn Austurlands.
1.000.000	Óbyggðasafn Íslands. Eyktarmörk/Steingrímur Karlsson.
1.000.000	Stofnkostnaður Sköpunarmiðstöðvarinnar. Sköpunarmiðstöðin svf.
800.000	Rekstur Kjarvalsstofu og uppsetning sýningar. Kjarvalstofa sjálfseignarstofnun.
600.000	Vefsíða-upplýsingagátt, gagnagrunnur. Vopnafjarðarhreppur.
500.000	Borgarfjörður eystri. Fontar ehf.
500.000	Varðveisla gamalla hljóðupptakna á Austurlandi. Sagnabrunnur ehf.
500.000	Skálar miðstöð fyrir hljóðlist og tilraunakennda tónlist. Skálar.
500.000	Rekstrarkostnaður Sköpunarmiðstöðvarinnar. Sköpunarmiðstöðin svf.
400.000	Rekstrarstyrkur Listsmiðja Norðfj. Þórsmörk. Listasmiðja Norðfjarðar.
300.000	Fornverkaskóli á Austurlandi. Hjarðarhagi ehf.
200.000	Tækni og upplýsingabúnaður. Samtök Eiðavina.
100.000	Flutningur tónleika á stafrænt form. Tókastaðir ehf og Magnús Magnússon.

Verkefnastykir 2012.

1.200.000 Þorpið Hönnunarsamfélag á Austurlandi <http://make.is/> í samstafi við **Glamour** <http://glamour.is/>. Þorpið hefur það að markmiði að auka fagmennsku á sviði hönnunar í fjórðungnum og hámarka virði staðbundinna hráefna sem Austurland hefur upp á að bjóða. Í mars tekur Þorpið m.a. á móti listaháskólanum Royal College of Art í London til þess að efla tengslanet Popsins. Munu tíu nemendur í meistarnámi vinna í Þorpinu í tíu daga ásamt kennurum og unnið verður kynningarmyndband um vinnuferlið. Þá verður árleg hönnunarsýning Þorpsins tengd ráðstefnunni Creative Communities. Þar sýna ungir hönnuðir frá Austurlandi ásamt hönnuðum frá Svíþjóð og Danmörku.

1.000.000 LungA. Listahátíð ungs fólks á Austurlandi. Hátíðin er sérstaklega sniðin að óskum ungmenna á aldrinum 16 -25 ára og er því einstök í sinni röð á landsvísi og þó víðar væri leitað. Meginmarkmið LungA er að efla vitund ungmenna um menningu og listir og skapa vettvang til sköpunar. Boðið er upp á listasmiðjur frá mánudegi til laugardags frá kl. 9 -16 sem stjórnar er af fagmönnum úr ýmsum listgeirum. Einnig er boðið upp á fjölda listviðburða alla vikuna og lýkur svo hátíðinni með uppskeruhátíð smiðjuhópa. <http://lunga.is/>

900.000 Tvö tónlistarverkefni; Þrjú klassískir Austfirðingar, og Tónlistarskemmtun í anda Hauks og Ellýjar undir stjórn Erlu Dóru Vogler. Þau Svanur Vilbergsson, Hildur Þórðardóttir, Erla Dóra Vogler, Bjarni Freyr Ágústsson, Þorlákur Ægir Ágústsson og fleiri. Stefnt er að því að halda báða tónleikana víða á Austurlandi.

900.000 Tvö verkefni á vegum Tækniminjasafns Austurlands; - Smiðjuhátíð og Grafíska bomban. a) Smiðjuhátíð Tækniminjasafns er árlegur viðburður þar sem megináherslan er lögð á að byggja upp samstarf á milli handverksmanna, reyndra myndlistar- tónlistar- og fjöllistamanna sem og áhugamanna og nemenda á öllum þessum sviðum. <http://www.tekmus.is/> b) Grafíska bomban er samstarfsverkefni Tækniminjasafns, Ríkharðs Valtingojer og Björns Roths þar sem markmiðið er að kenna þáttakendum að vinna í grafískri hönnun, myndgerð, prentun og bókagerð.

900.000 Tvö verkefni á vegum Kirkju- og menningarmiðstöð Fjarðabyggðar; Óma Íslandslög, Tónleikar með Óskari Péturssyni tenór, Daníel Þorsteinssyni einleikara og Kór Fjarðabyggðar. Gospelnámskeið og tónleikar. Óskari Einarsson ásamt tveim öðrum kennurum munu leiða námskeið og tónleika.

800.000 Rímur og rokk. Verkefnið er samstarfsverkefni milli Kaupvangs á Vopnafirði og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga. Frumkvæði að verkefninu hafði Sigríður Dóra Sværrisdóttir á Vopnafirði. Markmið verkefnisins er að viðhalda þeirri

menningararfleifið sem rímur, ferskeytlur, limrur og þulur eru. Verkefnið snýr að því að fá þekkt listamenn til að koma til Vopnafjarðar og halda 5 daga námskeið fyrir ungmenni frá Vopnafirði, Bakkafirði, Kópaskeri og Raufarhöfn, kenna þeim bragfræði og búa til fræðslurímur um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Afrakstur námskeiðsins verður síðan fluttur á vinnustöðum á Norðausturlandi og í félagsheimilum á Raufarhöfn, Kópaskeri og á Vopnafirði. Þátttakendur koma til með að læra að kveða rímur og flytja þær við undirleik. Fyrirhugað er að verkefnið verði árlegt og muni fara stækkandi milli ára. Undirbúningur er þegar hafinn við samstarfsaðila í Noregi og á Írlandi.

800.000 Eistnaflug. Hátíðin á sér átta ára sögu og leggur áherslu á þungt rokk og aðrar tengdar jaðarstefnur í tónlist. Hátíðin er löngu landsþekkt og nýtur vinsælda langt út fyrir landsteinana. Eistnaflug styður við bakið á ungum og upprennandi sveitum jafnframt því að markaðsetja reyndar hljómsveitir með kynningarstarfi sínu sem og faglegum umbúnaði á sjálfri hátíðinni. <http://eistnaflug.is/>

800.000 Þjóðleikur, leiklistahátíð unglinga á Austurlandi. Verkefnið er samstarfsverkefni fræðsludeildar Þjóðleikhúsins og Miðstöðvar sviðslista á Austurlandi. Hefur Þjóðleikur verið haldinn tvisvar á Austurlandi og þátttakendur koma allt frá Vopnafirði til Hafnar í Hornafirði. Árið 2012 verða samnin þrjú ný leikverk sérstaklega fyrir unga leikendur. Auglýst verður eftir leikhópun og haldin námskeið fyrir leikstjóra, hljóðmenn og fleiri. Ásamt undirbúningi fyrir Þjóðleikshátíðina sem fram vorið 2013. <http://www.facebook.com/tjodleikur>

800.000 Sköpunarmiðstöð á Stöðvarfirði. Götugallerí sumarið 2012. Götugalleríið verður táknrænt fyrir hugmyndafræði Sköpunarmiðstöðvarinnar, þetta verður hús fókssins; byggt upp af fólki fyrir fólk. Listamenn koma m.a. og vinna verk á veggi hússins. Listamennirnir Rósa Valtingoer og Zdenek Patak eru helstu hvatamenn verkefnisins.

800.000 Hammondhátíð; Hátíðin verður haldin í sjöunda sinn dagana 19-22. apríl 2012. Hátíðinni er ætlað að kynna Hammondorgelið tónlist og tónlistamenn sem því tengjast. Flytjendur í ár eru m.a. Megas, Egill Ólafsson, Dúndurfréttir auk heimamanna. <http://is-is.facebook.com/hammondhatid>

800.000 Frásagnasafnið - seinni hluti. Í þessu stóra samstarfsverkefni standa Skaftfell, miðstöð myndlistar á Austurlandi og Þjóðfræðistofa í Strandabyggð fyrir söfnun frásagna allra íbúa sveitarfélaganna Strandabyggðar og Seyðisfjarðar.

800.000 700is Hreindýraland. Hátíðin er alþjóðleg tilrauna - listahátíð haldin á Austurlandi á hverju ári. Hátíðin stendur í viku og leggur aðaláherslu á vídeólist, hljóðlist, tilraunakvikmyndir, "media art" og allskyns tilraunastarfsemi sem er mjög mikilvæg fyrir listamenn. Þema hátíðarinnar í ár er danslist á mynd og er listrænn stjórnandi að þessu sinni Helena Jónsdóttir.

800.000 Tónlistarnámskeið á Austurlandi. Hljómsveitarnámskeið fyrir ungt fólk. Samstarf Kirkju- og menningarmiðstöðvar, Brjáns og Djassklúbbs Egilsstaða Austurlandi. Makmiðið er að veita faglega kennslu við útsetningu laga með einföldum hætti og sem flutnings. Einnig æfingu í að koma fram sem hljómsveit.

800.000 Jazzhátíð Egilsstaða á Austurlandi 20. - 24. júní 2012. Hátíðin er með svipuðu sniði og síðustu ár og verður haldin í Neskaupstað, á Egilsstöðum og Seyðisfirði. Austfirskir tónlistarmenn í bland við listamenn víða að. <http://jea.is/>

800.000 Sýnt og sagt frá: Sýningar á verkum gestalistamanna Skaftfells, uppákomur og verkefni, sýningar á Vesturveggnum og í Bókabúinni og útrás í önnur pláss.

700.000 Sögueyjan 2012 er alþjóðleg sagnahátíð á Austurlandi. Skipulagt af Berglindi Ósk Agnarsdóttur og Sögubroti Markmiðið er að efla sagnalistina og bjóða upp á skemmtun á heimsmaelikvarða.

700.000 Bach, Schubert og fjölbreytt söngtónlist með Kammerkór Egilsstaðakirkju. Um að ræða fjölbreytta söngtónleika að vori. Samstarfstónleika við norskan kammerkór í október og adventutónleika með Bach og Schubert.

650.000 Þrjú verkefni sem skapast hefur hefð fyrir í Vopnafirði í umsjá Menningarnefndar Vopnafjarðar. a. Skálda- og sagnakvöld að sumarlagi á Vopnafirði tileinkað Sigfúsi Halldórssyni. b. Listasmiðjur fyrir börn á menningarhátíðinni; Einu sinni á ágústkvöldi. c. Vopnaskak á Vopnafirði: Viðburðadagur í tegnslum við Vopnfirðinga sögu.

500.000 Formalin SoundArt Festival. Stofnuð hefur verið Skálar - Miðstöð fyrir hljóðlist og tilraunakennda tónlist á Seyðisfirði. Í sumar munu Skálar standa fyrir hátíðinni Formalin þar sem fræðsla, kynning, nýsköpun og tilraunir á sviði hljóðlistar verða í hávegum höfð.

500.000 Sumarsýning: Feðgarnir Þór Vigfússon og Helgi Þórsson sýna í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Þór er búsettur á Djúpavogi og sýndi m.a. nýlega í Gallerí QuintContemporary Art í San Diego. <http://www.djupivogur.is/adalvefur/?id=25277>

500.000 Stríðsárin á Reyðarfirði: Leikstjórn og sýningar á stuttum sjálfstæðum leikþáttum um hernámsárin á Reyðarfirði á Stríðsárasafninu með það að markmiði að efla ferðapjónustu og gera sögu staðarins skil í gegnum leiksýningar.

500.000 Tónlistarstundir sumarið 2012 í Egilsstaða- og Vallaneskirkju; Markmiðið með tónleikaröðinni er fyrst og fremst að gefa tónlistarmönnum, tónlistarkennurum og lengra komnum nemendum sem búa á Austurlandi eða tengjast svæðinu tækifæri til þess að koma fram á tónleikum.

500.000 Sumartónleikaröðin Bláa kirkjan sem haldin hefur verið frá árinu 1998 mun nú í sumar halda uppi fjölbreyttri dagskrá á átta tónleikum í júlí og ágúst. <http://www.blaakirkjan.is/>

500.000 Kvikmyndahátíð ungs fólks á Austurlandi; Í samstarfi við hátíðina Laterna Masica í Vesterålen í Noregi verður sett upp sambærileg hátíð á Austurlandi undir stjórn Vegahúsins á Egilsstöðum.

500.000 Kvöldvökur í gönguvíkunni Á fætur í Fjarðabyggð; Samstarf margra aðila þar sem tónlistamenn, sögumenn og aðrir koma fram á kvöldvökum í gönguvíkunni.

500.000 Jólatónleikarnir Jólafriður þar sem flutt eru gömul og ný jólalög í dægurlagaútsetningum með kór, einsöngvurum og stórhljómsveit. Með áherslu á þátttöku tónlistarfólks af Austurlandi.

400.000 Hönnun á fyrstu fatalínu Sigrúnar Höllu Unnarsdóttur. Meistaraverkefni Sigrúnar á síðasta ári hefur vakið mikla athygli þar sem hún vann meðal annars úr með austfirsku hreindýraleðri. Sjá. <http://www.muuse.com/#!designers>. Samstarfaðili Sigrúnar verður Guðmundur Ingi Úlfarsson.

400.000 Fjöllistanámskeið í Fjarðabyggð á vegum áhugamannafélagsins Circus Atlantis; Unnið er með mjög fjölbreytilegt listform svo sem loftfimleika, boltalístir, dans, leiklist, tónlist, förðun, búningagerð og fleira.

400.000 Dansstúdeó Emelíu; Danskennsla á Egilsstöðum sumarið 2012 þar sem börnum og fullorðnum er gefin kostur á þátttöku í dansnámskeiðum sem lýkur með sýningu þann 11. ágúst. Dansstúdíó Emelíu hefur starfað á Austurlandi í fimm síðastliðin sumur og er árangur þegar farin að skila sér í nemendum á listnámsbrautir á framhaldskólastigi. <http://www.facebook.com/dansstudioemeliu>

400.000 Norsku tengslin; Sjómannadagsráð Eskifjarðar hefur nú ákveðið að efla tengslin við Noreg í tengslum við sjómannadagshelgina. Tónlistarmenn frá Vesterålen í Noregi halda tónleika. Auk þess verður kynning á útgerðasögu Norðmanna á Eskifirði sem hófst um 1880.

400.000 Tvö verkefni. a. Mæðgin og feðgar Sumarsýning í Sláturhúsinu. Sumarsýning listamannanna, feðganna Þórs Vigfússonar, Helga Þórssonar og mæðginanna Ólafar Birnu Blöndal og Sveins Snorra Sveinssonar. b. Alþjóðleg kvikmyndahátíð. Riff á Austurlandi.

400.000 Leikþættir úr Hrafnkels sögu Freysgoða. Setja á upp heima í héraði leikverk Valgeirs Skagfjörð um Hrafnkels sögu Freysgoða m.a. til þess að eiga kvöldstundir með ferðamönnum og einnig til að ferðast með út í skólana.

300.000 VegaReiði 2012, ungmennatónleikar þar sem starfandi hljómsveitir af svæðinu spila ásamt gestahljómsveitum. Unnið í samstarfi við Vegahúsið, Kormák Mána og Hafþór Mána.

300.000 LOVETANK. Myndlistasýning Sylvíu Daggar Halldórsdóttir þar sem hún vinnur í samstarfi við Stríðsárasafnið ár Reyðarfirði og kynnr í gegnum myndlist stríðssögu Reyðarfjarðar.

300.000 Tónleikamyndband. Hljómsveitin Miri í samstarfi við Körnu Sigurðardóttur og Viktor Sebastian.

300.000 Gull í tönn. Leikhópurinn Frjálst Orð setur upp nýtt íslenskt leikverk eftir Ásgeir Hvítaskáld.

300.000 Kraftaverk austfirskra kvenna sýna tíma tvenna. Minjasafn Austurlands setur upp sýningu með handverki valinna kvenna bæði fyrr og nú með það að markmiði að fræða um vinnubrögð við fjölbreyttar hannyrðir.

300.000 Sjónræn og listræn hönnun á snjallsíma- og spjaldtölvulausna tengt götukortum og áhugaverðum stöðum. Þetta er hluti af stærra verkefni sem unnið er af fyrirtækinnu Sagnabrunnur á Seyðisfirði.

300.000 Matseljan Austurland. Hönnun, myndun og textagerð í matreiðslubók þar sem hráefni og matarmenning Austurlands er í aðalhlutverki. Sigrún Hanna Þórgrímsdóttir Þjóðfræðingur, Ólafur Ágústsson kokkur og Glamour The Concept Boutique.

300.000 Augu hreindýrsins. Kvikmyndafélagið Frjálst Orð ætlar að vinna heimildarmyndar um hreindýraveiðar og hreindýr á Austurlandi.

300.000 List án landamæra á Fljótsdalshéraði. Félagspjónustan á Fljótsdalshéraði tekur þátt í Listahátíðinni List án landamæra og fær til sín listamenn víða að.

300.000 Móðurharðindin - kvikmynd í fullri lengd. Hópur áhugamanna undir stjórn Guðnýjar Rósar Þórhallsdóttur og Steinunnar Friðriksdóttur ætla að vinna kvikmynd með Leikfélagi Fljótsdalshérs og nemdenda í kvikmyndagerð.

200.000 Austfirsk menning í ljósmyndum. Ljósmyndasýning á fjórum stöðum um Austurland á vegum Héraðsskjalasafn Austfirðinga og Ljósmyndasafns Austurlands.

200.000 Amman og börnin á Minjasafninu DVD. Mynddiskur með leiksýningunni "Amman og börnin" sem sett hefur verið upp nokkur sumur í Minjasafninu á Bustarfelli.

200.000 Jazz og klassík renna saman flauta og píanó. Hugi Þórðarson og Hildur Þórðardóttir flytja Svitlu Claude Polling fyrir flautu og píanó.

200.000 Sönglög og ariur úr ýmsum áttum. Flytjendur eru Daníel Arason, Josef Bela Kiss og Úlfar Trausti Þórðarson.

200.000 Jólatónleikar Mahalía Jaksson. Ester Jökulsdóttir ásamt Hljómsveit flytur gospel og jólalög Mahalíu Jackson.

200.000 Hvalstöðin á Svinaskála -ljósmyndasýning. Útiljósmyndasýning með myndum frá hvalstöðinni á Svinaskála.

200.000 Námskeið og sýning á verkum nemenda Listaháskóla Íslands. Árleg tveggja vikna námskeið listnema sem lýkur með sýningu. Samstarf Skaftfells, Dieter Roth Akademiunnar, Tæknimínjasafns og Listaháskólans.

200.000 Forsetaheimsókn í Breiðdalinn - Ljósmyndasýning. Sýndar verða ljósmyndir, myndskreið og myndbrot úr forsetaheimsóknum í Breiðdal.

150.000 Fiskimjölsíðnaður á Íslandi í 100 ár. Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði stendur fyrir farandsýningu sem settar verða upp í fiskimjölsverksmiðjum þar sem þær eru starfræktar í dag.

100.000 Kvikmyndafjársljóður á Austurlandi unnið af Eysteinn Guðni Guðnason og fleirum. Geocache er alþjóðlegur "fjársljóðsleikur" eða ratleikur sem styðst við GPS-tækni. www.geocaching.com

100.000 Á ég að segja þér sögu ? Sagnanámskeið fyrir börn og unglunga í samstafi UÍA, fyrirtækisins Sagnabrots og sveitarfélaga á Austurlandi.

100.000 Portretttónleikar, Hallvarður Ásgeirsson tónskáld stefnur fyrir tónleikaröð sem flutt verður í Sláturhúsinu á Egilsstöðum og Skaftelli á Seyðisfirði.

100.000 Rithöfundalestin á Austurlandi 2012. Samstafsverkefni þar sem fengnir eru valinkunnir rithöfundar til að lesa upp úr bókum sínum á aðventu.

100.000 Útilistaverk við Sleðbrjótskirkju. Uppsetning á útilistaverki hannað af Guðjóni Braga Stefánssyni.

Sérstök samstarfs- og þróunarverkefni:

4.000.000.- Erlent samstarf. Þróunarverkefni á Vopnafirði og Djúpavogi. Ráðstefnan Creative Communitte og fleira.

Úthlutun 2013.

Úthlutun verkefnastyrkja 2013 fór fram á Djúpavogi 8. mars síðastliðinn. Úthlutaði Menningarráð Austurlands fyrir hönd Austurbrúar ses. við hátíðlega athöfn 28,9 milljónum til 75 verkefna á sviði menningar og lista samkvæmt samningi milli Austurbrúar ses, mennta- og menningarmálaráðuneytis og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Athöfnin fór fram á Djúpavogi að viðstöddum atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra Steingrími J. Sigfússyni og Guðna Tómassyni, ráðgjafa mennta- og menningarmálaráðherra í menningarmálum, auk fjölda sveitarstjórnarmanna og styrkþega. Að þessu sinni bárust 111 umsóknir til fjölbreyttra verkefna og var sótt um 74 milljónir króna. Fulltrúar í Menningarráði Austurlands völdu verkefnin og var þeim vandi á höndum, en fagnað er þeirri miklu grósku sem er í menningarmálum á Austurlandi. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnin er 286 milljónir króna. Eins og oft áður gerði leiðindaverður áður en úthlutunin fór fram og því voru fulltrúar þriggja sveitarfélaga fjarverandi, Borgarfjarðar, Vopnafjarðar og Seyðisfjarðar.

Ávarp Björns Ingimarssonar formanns Menningarráðs Austurlands sem flutt var á úthlutunarathöfninni er að finna á heimasíðu Menningarráðs. www.meningarrad.is

Stofn og rekstrarstyrkir 2013.

2.000.000	LungA - Listahátíð ungs fólks á Austurlandi.
1.500.000	Sýning Franska safnsins á Fáskrúðsfirði. Safnastofnun Fjarðabyggðar.
1.500.000	Ríkharðshús á Djúpavogi. Djúpavogshreppur.
1.500.000	Kaup á hljóðkerfi. Kirkju og Menningarmiðstöð Fjarðabyggðar.
1.500.000	Óbyggðasafn. Óbyggðasafn Íslands ehf.
1.400.000	Nýtt Þorp verður til - stefnumótun, vöruþróun. Make by Þorpið.
1.000.000	Stofnkostnaður, vatnslagnir, rúður, rafkerfi. Sköpunarmiðstöðin svf.
1.000.000	Fræðslufulltrúi, 50% starf. Skaftfell.
700.000	Anddyri Austurlands. Hús Handanna ehf.
600.000	Sýning. Kjarvalsstofa ses.
500.000	Make workshop: Hönnunarnámskeið á Austurlandi. Make by Þorpið.
500.000	Kaup á Professional dansdúk MMF. Sviðslistamiðstöð Austurlands.
400.000	Þórsmörk. Listasmiðja Norðfjarðar.
400.000	bryndís art-handicraft. Fontar ehf.

Verkefnastyrkja 2013.

1.000.000	Dansverkefnið Wilderness. Sjálfstætt verkefni innan evrópuverkefnisins KEDJA. Tveggja ára verkefni sem fer fram utan höfuðborga og þéttbýlisstaða í átta löndum Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja. Tíu danshópar dvelja á tíu stöðum og vinna fullbúin dansverk sem verða síðan tekin til frekari kynningar og sýningar. Miðstöð sviðslista á Austurlandi.
1.000.000	LungA. Listahátíð ungs fólks á Austurlandi. Hátíðin er haldin árlega í júlí á Seyðisfirði. Mikil áhersla er lögð á að efla áhuga ungs fólks á menningu og listum. Er metnaður fyrir því að dagskráin endurspegli listir og menningu ungs fólks í viðum skilningi. Listasmiðjur eru frá mánudegi til föstudags frá kl 9-16. Uppskeruhátíð fer fram á laugardeginum.
1.000.000	Þjóðleikur, leiklistarhátíð unglunga á Austurlandi. Þetta er í þriðja sinn sem Þjóðleikur er haldinn á Austurlandi og munu 11 leikhópar sýna, fyrst í heimabyggð á Austurlandi og síðan á sameiginlegri hátíð 5. - 7. apríl á Egilsstöðum.
900.000	Fjögur verkefni í Skaffelli á Seyðisfirði. Gjörningarsamkoma, A Kassen sumarsýning, sýning til minningar um Dieter Roth og sýning nemenda í Listaháskóla Íslands.
800.000	Hljómsveitarnámskeið ungs fólks á Austurland. Þar er verið að gefa ungu fólki tækifæri til að starfa í hljómsveit og þeim kennt að útsetja lög með einföldum hætti og flytja. Samstarf Brjáns, JEA og Tónlistarmiðstöðvar Austurlands.
800.000	Óma Íslandslög. Tónleikar í samstarfi Kórs Fjarðabyggðar, Tónlistarmiðstöðvar Austurlands og Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands.
750.000	Eistnaflug 2013. Hátíðin er nú haldin í níunda sinn og spannar allan skala rokktónlistar. Hátíðin er nú orðin uppskeruhátíð rokkarans og fer fram í Neskaupstað í júlímánuði.
750.000	Make Magic Box er langtíma hönnunarverkefni sem er bæði farandsýning, hönnunarverkefni og hönnunarviðburður. Verkefnið er afrakstur ráðstefnunnar Make it Happen. Íslenskir og erlendir hönnuðir vinna með handverksfólki og verkstæðum á Austurlandi í anda William Morris undir stjórn Helgu Jósepsdóttur.
600.000	Löftfimleikanámskeið og sýningar sumarið 2013. Írski löftfimleikaflokkurinn Fidget Feet heldur námskeið og sýnir tvö ný verk, sem sýnd verða utandyra. Við annað verkið eru notaðir byggingakranar og í hinu verkefninu er skógurinn nýttur. Skipuleggjandi er Ingunn Þráinsdóttir.
600.000	Jólafríður. Jólátónleikar þar sem gömul og ný jólalög eru flutt í dægurlagaúsetningum með kór, einsöngvurum og stórhljómsveit. Mikil áhersla er á þátttöku tónlistarfólks af Austurlandi og vandaðan flutning. Daníel Arason.
600.000	Listsýning í Trjásafninu á Hallormsstað sumarið 2013. Markmiðið er að vekja athygli á austfirskum listamönnum og gefa þeim kost á að spreyta sig á skóginum og sýna hvað í þeim býr. Skógrækt ríkisins.
600.000	Jazzhátíð Egilsstaða á Austurlandi sumarið 2013. Elsta Jazzhátíð landsins heldur upp á 25 ára afmæli sitt og stefnt er að flottri veislu!
600.000	Basic Festival á Stöðvarfirði. Vinnu- og menningarhátíð sem ætlar að draga saman unga listamenn á Austurlandi til þess að vinna með fyrirtækjum á Stöðvarfirði og ná þannig saman ólíkri þekkingu og reynslu. Viktor Hannesson og fleiri.
500.000	Tvísöngur eftir Lukas Kune. Kynningarefni um útilistaverkið Tvísöng sem sett var upp á Seyðisfirði haustið 2012.
500.000	Meet the locals. Markmið Tanna travel er að þróa vöru undir vörumerkinu Meet the Locals eða hittu heimamanninn.
500.000	Tvö verkefni í Make by Þorpið. Samstarf við Listaháskóla Íslands og árleg hönnunarsýning nýtskrifaðra listnema af Austurlandi.
500.000	Kvöldvökur í göngu og gleðivikunni á Fætur í Fjarðabyggð. Dagskrá með sögum, leiklist, tónlist og upplestri.
500.000	Kvikmyndahátíð ungs fólks á Austurlandi. Markmiðið er að efla áhuga á kvikmyndalist, nýta sér tækni og frampróun sem komið hefur fram í faginu undan farin ár. Samstarf við Stuttmyndahátíðina Stulla og kvikmyndahátíð í Vesterålen í Noregi.
500.000	Charpenter að vori og Buxthude um jól flutt af Kammerkór Egilsstaðakirkju. Markmiðið er að koma verkum höfuðskálda tónbókmenntanna á framfæri við íbúa Austurlands.
500.000	Tónlist fyrir jökul og rödd. Flutningur á nýju íslensku tónverki í gestastofum Vatnajökulsþjóðgarðs. Flutt af Erlu Dóru Vogler og Konrad Korabiewski.
500.000	Nóttin er ung, nýtt íslenskt samsköpunarleikverk. Samstarfsverkefni fjögurra listamanna undir stjórn Péturs Ármannssonar leikara og á verkið að fjalla um næturlíf ungs fólks á Austurlandi.
500.000	Leiksmiðja Austurlands 2013. Leiklistarnámskeið fyrir fullorðna á þremur stöðum á Austurlandi sem endar með stuttverkahátíð í janúar 2014. Markmiðið með verkefninu er að stuðla að fagmennsku í leiklistarstarfsemi á Austurlandi og auka tengsl á milli áhugafólks um leiklist á svæðinu.
500.000	Fyrsti áfangi III Collective. Samstarf fjögurra hönnuða, þriggja frá Austurlandi og eins frá Frakklandi. Hönnun á tösku-, skartgripa- og hnifalínu úr leðri, horni og klaufum hreindýra. Sigrún Halla Unnarsdóttir, Thibaut Allgayer, Agla Stefánsdóttir og Garðar Eyjólfsson.

500.000	Rímur og rokk, samstarfsverkefni á Austurlandi, Norðausturlandi og Norður- Noregi. Markmiðið er að viðhalda menningararfleifi sem er rímur, ferskeytlur, limrur og þulur. Börnum og unglíngum verður kennt af Steindóri Andersen, Hilmarí Erni Hilmarssyni og fleirum sem hafa tileinkað sér kveðskapinn. Námskeiðið endar með sýningu á nokkrum stöðum. Skipuleggjandi er Sigríður Dóra Sverrisdóttir og fleiri.
500.000	Skálar, Hljóð Lista Hátíð. Fyrsta hátíðin var haldin á síðasta ári og er markmið hátíðarinnar að kynna breitt svið hljóð og tilraunatónlistar.
500.000	Hammondhátíð á Djúpavogi. Megin hlutverk hátíðarinnar sem nú er haldin í áttunda sinn er að kynna hammondorgelið. Er það í forgrunni í lögum flestra þeirra hljómsveita sem taka þátt í hátíðinni.
500.000	Bræðslan 2013. Níunda tónlistarhátíðin, haldin í gamallri bárujárnsskemmu á Borgarfirði eystra.
450.000	Þrjú verkefni á vegum Menningarnefndar Vopnafjarðarhrepps. Skáldakvöld og listasmiðjur á hátíðinni Einu sinni á Ágústkvöldi og Skálda og sagnakvöld að sumri. Árleg verkefni sem fela meðal annars í sér að auka aðkomu ungmenna að listviðburðum.
400.000	Handritin alla leið heim – Margrétarsaga. Í tilefni þess að á þessu ári eru liðin 350 ár frá fæðingu Árna Magnússonar handritasafnara og fræðimanns mun Gunnarsstofnun fá „ handrit“ Margrétarsögu til sýningar á Skriðuklaustri.
400.000	Með allt á hornum sér – Dagskrá og sýning um sambúð manna og hreindýra á Austurlandi í Minjasafni Austurlands.
400.000	Tónlistarstundir 2013. Markmiðið er fyrst og fremst að gefa tónlistarmönnum, tónlistarkennurum og langt komnum nemendum í listinni, sem búa á Austurlandi eða eru tengdir svæðinu, tækifæri til að koma fram. Samstarfsverkefni Tónlistarfélags Fljótsdalshéraðs, sóknarnefnda og kóra á Hérði.
400.000	Sumartónleikar Bláu Kirkjunnar á Seyðisfirði.
400.000	Gospelnámskeið. Markmiðið er að auka áhuga kórfélaga og efla kórustarf á Austurlandi. Fá fleira ungt fólk til þess að taka þátt í kórustafi og læra af atvinnufóki í tónlist. Tónlistarmiðstöð Austurlands stendur að verkefninu.
400.000	Þrjú klassískir Austfirðingar. Hildur Þórðardóttir þverflauta, Erla Dóra Vogler söngur og Svanur Vilbergsson gítar. Samin verður ný tónlist sem þremmenningarnir munu flytja víða um Austurland og í höfuðborginni.
400.000	Tónlistarskemmtun, lög Sigfúsar Halldórssonar og Jóns Múla. Flytjendur Bjarni Þór Ágústson, Erla Dóra Vogler, Daníel Arason, Jón Hilmar Kárason og Marias Kristjánsson.
400.000	vegaREIÐI 2013. Rokktónleikar fyrir ungt fólk þar sem tónlistarfólk á Austurlandi fær tækifæri til að reyna sig með „professional“ umhverfi og aðbúnaði. Haldið í áttunda sinn.
300.000	SYLVIA/LOVAUST Myndlistarsýning, staðbundið verkefni með Stríðsárasafninu á Reyðarfirði unnið af Silvíu Dögg Halldórsdóttur.
300.000	NS-12 er hljóð- og myndbandsverk eftir myndlistarmanninn Kristján Loðmfjörð og tónskáldið Konrad Korabiewski. Dregin verður upp svipmynd af skuttogaranum Gullveri frá Seyðisfirði, lengd verksins er ein klukkustund. Lortur framleiðslufélag ehf.
300.000	Skapandi starfsemi á Seyðisfirði – upplýsingargrunnur og kort um skapandi starfsemi á Seyðisfirði sem er fyrsta skrefið til að taka saman upplýsingar um skapandi starfsemi á Austurlandi unnið af Skæri Steinn Blað.
300.000	Litla ljóðahátíðin í Norðausturríki. Samstarf Litlu ljóðahátíðarinnar í Eyjafirði, Litlu ljóða hámerinnar og ljóðaklúbbsins Hási kisi.
300.000	Velkomin heim! Tengsl Austurlands og Vesturheims. Samstarf milli Austurfara- og vesturfaramiðstöðvar Austurlands á Vopnafirði með því að efla þekkingu á Vesturförum og efla tengingu þeirra við Austurland.
300.000	Hver er Hans Jónatan-, handrit að heimildarmynd fyrir sjónvarp um Hans Jónatan verslunarmann á Djúpavogi og síðar bónda snemma á 19. Öld. Hann var fyrsti litaði maðurinn Austurlandi. Unnið af Valdimar Leifssyni og fleirum.
300.000	Strýta -Stuttmynd eftir Sigurð Má Davíðsson.
300.000	Áfram veginn – Stuttmynd eftir Garðar Bachmann Þórðarson.
300.000	Valaskjálfr 65-75. Tónleikar þar sem flutt verða lög þeirra hljómsveita sem spiluðu í Valaskjálfr frá upphafi og til ársins 1975 undir stjórn Hafþórs Vals Guðjónssonar.
300.000	Desperate silence installation concert exhibition – FURA Björt Sigfinnsdóttir. Verkefnið er bæði listasýning og tónleikar þar sem kynnt er efni sólóplötu Bjartar.
300.000	Vöðlavík-Veröldin sem var, er og verður tónverk. Tilgangur verkefnisins er að afla heimilda og sýna Vöðlavík í nýju ljósi, þennan annars merka útkjálka Íslands. Blanda saman sveit fortíðar og tónlist framtíðar og flétta í myndbandsverk. Þorvaldur Örn Davíðsson og Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir.
300.000	Gjörningasumar Jónasar Sig. á Borgarfirði í umsjá Ungmennafélags Borgarfjarðar.
300.000	Sjónræn upplifun: Good Moon Deer er hljómsveit sem semur tilraunakennda raftónlist og er ætlinin að gefa út efnið bæði í hljóði og mynd. Ívar Pétur Kjartansson og Guðmundur Ingi Úlfarson vinna verkið og koma þar saman tónlistamaður og grafískur hönnuður.
300.000	Sönglög og aríur úr ýmsum áttum, flutt af Úlfari Trausta Þórðarsyni, Daníel Arasyni og Jozsef Bella Kiss.
300.000	Tónlistarsumarbúðir á Eiðum sumarið 2013 þar sem unnið er með tónlist, sköpun og útivist. Umsjón Sunsjana Slamning.

300.000	Árstíðirnar. Listasmiðja Lóa á List án Landamæra. Ólöf Björk Bragadóttir(Lóa) stendur fyrir námskeiði þar sem málverkið og tvívíð myndsköpun verður í aðalhlutverki. Námskeiðið er opið öllum og afrakstur sýndur á hátíðinni List án Landamæra.
300.000	Djúpivogur í poka. Þorbjörg Sandholt ætlar að hanna og smíða minjagrip sem vísa í ýmis kennileiti á og við Djúpavog úr efnivið af svæðinu.
300.000	Hönnun og samfélag, verðmætasköpun á Austurlandi. Þórunn Árnadóttir og fyrirtækið Glamour Et Cetera ætla að kanna og kortleggja tækjabúnað, efnivið, verkþekkingu og framleiðslugetu á Austurlandi. Markmiðið er að þannig verði auðveldara að hanna og framleiða vöru með sem minnstum tilfæringum og fjárfestingum.
300.000	Smiðjuhátíð 2013. Á hátíðinni eru námskeið þar sem hefðbundið og nútímalegt handverk er kennt á faglegan hátt. Með það að megin markmiði að efla áhuga á gömlu handverki.
300.000	Tvö verkefni: Hvernig er að búa í torfbæ á Bustarfelli og Amman og börnin á Bustarfelli.
200.000	Útgáfa þrettándu ljóðabókar í bókaröðinni Austfirsk ljóðskáld. Félag ljóðaunnenda á Austurlandi.
200.000	Snjallsímaleiðsögn um Hróarstungu á Fljótsdalshéraði unnið af Félagi áhugamanna um Hrafnkelssögu og sögutengda ferðabjónustu á Héraði.
200.000	Baskó - Handrit að kvikmynd í fullri lengd eftir Jónas Reynir Gunnarsson.
200.000	Uppsetning sýningar á samgöngu- og vélasafni Vopnfirðinga. Samstarf Hróbjarts Lútherssonar og Gísla Sigmarssonar.
200.000	Gamli bærinn, mannlíf og umhverfi. Ljósmyndasýning á vegum Sjóminjasafnsins á Eskifirði.
200.000	Jass og klassík rennur saman í eitt. – Svíta Claude Bolling fyrir flautu og píanó flutt af Huga Þórðarsyni og Hildi Þórðardóttur.
200.000	Það er líf í skóginum. Uppsetning á leikriti í Selskógi sumarið 2013 ætlað unglungum á aldrinum 12-18 ára í umsjá Leikfélags Fljótsdalshéraðs.
200.000	Við erum Make-samfélag, SAM 2013. Sýning meðlima SAM-félagins og er tilgangurinn að endurspegla fjölbreytni og sköpunargleði félagsmanna og vekja áhuga íslensks samfélags á félaginu og starfsemi þess.
200.000	Riff alþjóðleg kvikmyndahátíð á Austurlandi. Sýningar verða á Seyðisfirði, Djúpavogi og Egilsstöðum, sýndar verða myndir frá öllum heimshornum.
150.000	Meningarnótt á Fjöllum 2013 - Möðrudalsgleði. „Hundrað manna“ útitónleikar í tónleikasal öræfanna.
150.000	Listasmiðja á æskulýðsmóti kirkjunnar á Austurlandi þar sem áhersla er á listræna tjáningu og sköpun.
100.000	Útilistaverk við Sleðbrjótskirkju.

6. Lokaorð

Metnaðarfull uppbygging menningarmála hefur átt sér stað síðustu ár á Austurlandi. Menningarráð Austurland hefur lagt áherslu á það að efla frumkvöðla í menningarstarfsemi og ýta undir nýjungar og framþróun í ört vaxandi atvinnugrein. Með úthlutun menningarstyrkja hefur tekist að festa í sessi öflugar listahátíðir með fjölbreyttu sniði, litlar sem stórar hátíðir. Má þar nefna LungA listahátíð ungs fólks, Þjóðleik, Eistnaflug, Bræðsluna, Hammondhátíð og margar fleiri sem minni eru í sniðum. Þá hefur tekist að efla verkefni meðal annars með fjármagni frá erlendum sjóðum sem hefur leitt til þess að listamönnum með fasta búsetu fjölgar á Austurlandi. Mikilvægt er að halda áfram þessari uppbyggingu og styrkja menningarmiðstöðvarnar í sessi sem og menningarsvið Austurbrúar.

Útfærsla á nýjum samningi um menningarmál ræðst væntanlega í lok þessa árs eða þegar nýr menningarsamningu lítur dagsins ljós. Verði áfram unnið í þeim anda sem hefur einkennt samstarf ríkis og sveitarfélaga fram til þessa er ekki ástæða til annars en að líta framtíðina björtum augum.

Signý Ormarsdóttir menningarfulltrúi Austurbrúar.

Fylgiskjöl:

1. Samþykktir Menningarráðs Austurlands frá 14.júní 2011 og 14. september 2012.
2. Úthlutunarreglur Menningarráðs Austurlands 2012 og 2013.
3. Kulturkontakt mellom ytterkanter /Menningarsamstarf milli jaðarsvæða, tíu ára samstarf milli Vesterålen og Austurlands.